

**Marz 1966**

**3**

**Fréttabréf**

**Kjararannsóknarnefndar**

F R É T T A B R É F

3

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð  
í marz 1966:

Ejörn Jónsson (formaður)

Ejörgvin Sigurðsson

Helgi Bergs

Hjalti Kristgeirsson

Sigurvin Einarsson

Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit:

1. Launastatistik 1965

Fjallað er um meðaltímakaup verkamanna og nokkurra iðngreina í Reykjavík, og hlutfallslega skiptingu vinnutímans (dvt., evt. og nvt.) á 1. og 2. ársfjórðungi 1965, 3. ársfjórðungi 1965, 4. ársfjórðungi 1965 og ársmeðaltöl 1965, og ársmeðaltöl 1965, og samanburð við ársmeðaltöl 1964.

2. Töflur um launastatistik

Tafla I Heildarvinnustundafjöldi og vinnulaun, sem athuginin nær til, á 1. og 2. ársfjórðungi 1965.

Tafla II Sömu upplýsingar um 3. ársfjórðung 1965.

Tafla III Sömu upplýsingar um 4. ársfjórðung 1965.

Tafla IV Meðaltímakaup 1965 og hlutfallsleg breyting á því frá 1964.

Tafla V Hlutfallsleg skipting vinnutímans ársfjórðungslega 1965.

Tafla VI Ársmeðaltöl hlutfallslegrar skiptingar vinnutíma og meðaltímakaups 1965 og 1964.

Tafla VII Iðnaðarmenn, samsvarandi töflu IV.

Tafla VIII " " " V.

Tafla IX " " " VI.

Tafla X Meðaltímakaup verkamanna og útreiknað tímakaup í dagvinnu 1965, samanborið við 1964.

Tafla XI Iðnaðarmenn, samsvarandi töflu X.

3. Greinargerð um vinnutíma og framleiðslu í landbúnaði

Fjallað er um vinnutíma bænda og annara, sem landbúnaðarstörf vinna, síðan 1950, framleiðslumagn og framleiðsluafköst pr. vinnustund.

Tafla 1 Dreifing búreikninga eftir sýslum árin 1950-1962

Tafla 2 Dreifing búreikninga eftir landsfjórðungum árin 1950-1962.

Tafla 3 Fjöldi bænda á landinu árið 1961.

Tafla 4 Deilitölur reiknaðar af Búreikningaskrifstofunni.

Tafla 5 Vinnutími í karlamannsstundum pr. bú, sundurliðaður eftir tegund vinnuafls.

Tafla 6 Vinnutími í karlmannsstundum pr. bú, sundurliðaður eftir tegund starfa.

Tafla 7 Hlutfallsleg skipting karlmannsstunda pr. bú, sundurliðaður eftir tegund starfa.

Tafla 8 Afurðafframleiðsla pr. bú í kílógrömmum.

Tafla 9 Framleiðsluafköst mæld í kílógrömmum pr. karlmannsstund.

Tafla 10 Niðurstöður 174 búreikninga árið 1964.

4. Framfærsluvísitala, kaupgreiðsluvísitala og vísitala neytluvöru og þjónustu.

## Launastatistik 1965

### 1. Almenn atriði.

Kjararannsóknarnefnd hefur nú lokið við söfnun og úrvinnslu gagna, sem sýna meðaltímakaup verkamanna og nokkurra fagfélaga í Reykjavík árið 1965, og hlutfallslega skiptingu vinnutímans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

Ná þessar upplýsingar til 2.764.099 vinnustunda, og hafa verið greiddar fyrir þær kr. 150.730.474,- í vinnulaun, án orlofs. Eru þá í þessum vinnulaunum taldar greiðslur eins og bónus og greiðslur vegna veikindadaga. Þá koma yfirborganir (launaskrið) einnig fram í þessari launaupphæð, ef og þar sem um slíkt er að ræða, svo og vísitöluhækkanir.

Framangreindar heildartölur um laun og vinnutíma skiptast þannig í höfuðdráttum:

Verkamenn	2.055.204	vst.	kr.	106.132.425,-
Verkakonur	187.062	"	"	8.903.576,-
Iðnaðarmenn (fagm.)	521.833	"	"	35.694.473,-

Ekki voru tók á því að safna fullnaðarupplýsingum um meðalvinnutíma og meðalárslaun á mann árið 1965, þegar á fyrstu mánuðum ársins 1966. Byggist það á ýmsu, m. a. því, að hreyfingar manna milli vinnustaða eru svo miklar, að óhjákvæmilegt er að fá að kanna launamiða hjá Skattstofu Reykjavíkur, en þau gögn liggja ekki fyrir á aðgengilegan hátt fyrr en seint í marz eða apríl, og þá er athugun á þeim og úrvinnsla eftir. Þótti því ekki ráðlegt að biða með birtingu þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir, eftir þessari könnun. Má og segja, að þegar einn meginþáttur í launastatistik er orðinn sá að safna gögnum til útreiknings á vísitölu raunverulegra launa, séu upplýsingar um meðaltímakaup hvers ársfjórðungs um sig höfuðatriðið.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að birta að þessu sinni í fyrsta skipti ársfjórðungsstatistik fyrir árið 1965. Frá því var þó horfið að nokkru, aðallega vegna þeirra grundvallarbreyttinga, sem urðu á vinnutímanum með kjarasamningunum í júlíbyrjun 1965. Er launastatistikinn því að þessu sinni birtur þannig, að 1. og 2. ársfjórðungur eru áregnir saman í eina heild, en 3. og 4. ársfjórðungur birtir hvor í sínu lagi.

Töfluyfirlit I-III, sem birt er aftan við þessa greinargerð, sýna þær heildartölur, sem launastatistikin 1965 byggist á, sundurliðaðar eftir starfsgreinum og framangreindum þrem tímabilum.

## 2. Vigtarkerfi.

Þegar finna á meðaltímakaup eða meðalárslaun fyrir starfsmannahópa í ýmsum starfsgreinum með mismunandi kauptöxtum, er nauðsynlegt að hafa sem allra réttast kerfi til að veða launin saman, þannig að meðaltölin verði ekki röng, vegna þess að einhver hópur eða hópar veða meira í úrtaki því, sem til úrvinnslu er, en rétt er, þegar tekið er tillit til stærðar starfsmannahópanna á vinnumarkaðnum.

Í fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar (2, september 1965) var gerð tilraun til að koma upp þesskonar vigtarkerfum, og er þar frá því skýrt. Með þessu fréttabréfi er þetta vigtarkerfi endurbætt að nokkru þannig, að hér er nú í fyrsta skipti notað samræmt vigtarkerfi fyrir alla verkamannavinnu. Vigtarkerfi þetta byggist að mestu leyti á tryggingarskyldum vinnuvikum til Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Eru þær upplýsingar þó frá árinu 1963, en nýrri upplýsingar voru ekki tiltækar. Það sem að þessu sinni er nýtt í þessu vigtarkerfi er, að almenn verkamannavinna er nú vegin eftir starfsgreinum í samræmi við framangreindar upplýsingar um fjölda vinnuvikna í hverri grein á árinu 1963.

Hlutföllin milli starfsgreinanna verða þessi:

Hafnarvinna	25
Fiskvinna	15
Byggingarvinna	10
Annað	<u>50</u>
	100

Flokkurinn "Annað" sundurliðast þannig:

Reykjavíkurborg	15
Matvælaeignaður og mjólkurvinnsla	11
Olíudreifing	7
Önnur viðskipti og þjónusta	7
Ýmislegt	<u>10</u>
	50

Að þessu sinni voru ekki tæk á að sýna alla þessa sundurliðun í töflunum, þar sem fullnægjandi upplýsingar um suma þessa hópa eru ekki að þessu sinni fyrir hendi.

Þar sem launastatistik árið 1964 er notuð hér til samanburðar við 1965, eru fyrri upplýsingar um 1964 umreiknaðar eftir þessu vigtarkerfi, svo að samanburðurinn milli ára sé samræmdur. Ber að hafa þetta í huga, þegar bornar eru saman tölur fyrir 1964 í Fréttabréfi 2, við tölur sama árs í þessu fréttabréfi.

Vigtarkerfinu verður svo að breyta árlega í samræmi við þær nýjustu upplýsingar, sem fyrir hendi eru um það á hverjum tíma.

### 3. Verkamenn 1965.

#### a) Meðaltímakaup.

Töfluyfirlit IV sýnir meðaltímakaup verkamanna á árinu 1965. Er árinu 1965 þar skipt í þrjá hluta 1. og 2. ársfjórðung í einu lagi, 3. og 4. ársfjórðung. Til samanburðar er svo sýnt meðaltímakaupið allt árið 1964. Þá er einnig sýnd hlutfallsleg (%) hækkun meðaltímakaupsins á hverju tímabili, miðað við ársmeðaltalið 1964. Eins og taflan (tafla IV) ber með sér eru upplýsingarnar sundurliðaðar eftir nokkrum meginstarfsgreinum og loks vegnar saman í eina tölu fyrir alla verkamenn (vegið meðaltal), neðsta lína töflunnar.

Samkvæmt þessum niðurstöðum, hefur meðaltímakaup verkamanna verið sem hér segir (vegið meðaltal):

Ársmeðaltal	1964	45,8 kr.
1. og 2. ársfj.	1965	49,1 "
3. ársfjórð.	1965	55,3 "
4. "	1965	59,7 "

Á 1. og 2. ársfjórðungi var meðaltímakaupið samkvæmt þessu 7% hærra en ársmeðaltalið 1964, á 3. ársfjórðungi 21% hærra og á 4. ársfjórðungi 30% hærra en ársmeðaltalið 1964.

Hér eru %-tölurnar ekki reiknaðar með tugastaf í heildarniðurstöðu, þar sem slík nákvæmni er vart réttlæt看leg í þessu sambandi. Af sömu ástæðu eru krónuupphæðir meðaltímakaupsins sýndar með einum tugastaf, þó að það sé annars óvenjulegt.

Í sambandi við þær prósenttölur, sem hér eru notaðar til að mæla breytingar á meðaltímakaupinu, miðað við ársmeðaltalið 1964, ber að hafa í huga, að ekki má segja t. d., að kaupgjald hafi hækkað um 30% á árinu 1965. Þó óþarft mætti vera, skal þetta skýrt með einföldu tilbúnu dæmi:

Hugsum okkur, að meðaltímakaupið á fyrri árshefningi 1964 hafi verið 40 kr., en hækkað 1. júlí um 20% eða í 48 kr. Ársmeðaltal tímakaupsins yrði þá að öðru jöfnu (vinnutímalengd o. fl.) 44 kr. árið 1964. Á fyrsta ársfjórðungi 1965 yrði meðaltímakaupið hinsvegar 48 kr., ef ekkert breyttist, hvorki kauptaxtar, vinnutími né annað, eða 9% hærra en ársmeðaltalið 1964. Ef vísitöluhækkun eða taxtahækkun hefði haft það í för með sér, að meðaltímakaupið varð 50 kr. (í stað 48) eða 13,6 % hærra en ársmeðaltalið 1964, er orðið ljóst, hvernig kauphækkningar frá fyrra ári koma fram í þessum prósentum. Verður nánar vikið að þessu síðar í sambandi við meðalárslaun. Ekki er ástæða til að fara ftarlega út í einstakar upplýsingar í töflu IV, þar sem taflan skýrir sig sjálf. Á það má þó benda, að meðaltímakaup verkamanna í fiskvinnu hefur hækkað hlutfallslega minnst á árinu 1965. Þetta skýrist að verulegu leyti, ef litið er á töflu V, hlutfallsleg skipting vinnutímans. Þar sézt, að hlutur dagvinnunnar í vinnutíma verkamanna í fiskvinnu hefur vaxið á árinu 1965, en hlutur eftir- og næturvinnu minnkað að sama skapi frá 1964.

Hlutfallsleg skipting vinnutímans í fiskvinnu var:

	Dvt.	Evt.	Nvt.
Allt árið 1964	64	13	23
4. ársfjórðungur 1965	78	11	11
Allt árið 1965	69	12	19

Sézt af þessu, að þjárfirvinnan við fiskvinnu er hlutfallslega minni árið 1965 en var 1964. Getur það stafað af minni vinnu almennt í frystihúsum, en einnig af breyttri vinnutílhögun. Stytting vinnuvikunnar úr 48 stundum í 44 stundir hefur ekki áhrif hér, þar sem 44 stunda vinnuvika var komin til framkvæmda í fiskiðnaðinum með skertu kaupi fyrir samningana. Annað dæmi, sem eftirtekt vekur í töflu V, er rétt að nefna: Meðaltímakaup aðstoðarmanna við járnsmíðar er lægra á 1. og 2. ársfjórðungi 1965 en ársmeðaltalið 1964. Þetta á rætur sínar að rekja til breytinga á vinnutímanum á þessu tímabili, samanber framangreint dæmi, en einnig er hér um að ræða nokkrar kaupuppbætur vegna ákvæðisvinnu, en uppgjör fyrir ákvæðisvinnu-

hagnað getur fallið á annan ársfjórðung en þann, sem verkið sjálfst var aðallega unnið.

b) Vinnutími.

Tafla V sýnir hlutfallslega skiptingu vinnutímans ársfjórðungslega 1965, þ. e. að þar eru, eins og annarsstaðar, 1. og 2. ársfjórðungur dregnir saman í eina heild. Sé nú t. d. litið á almenna verkamannavinnu, sézt, að hlutfallsleg skipting vinnutímans í dagvinnustundir, eftirvinnu- og næturvinnustundir er sú sama á 1. og 2. ársfjórðungi 1965 og ársmeðaltalið fyrir 1964. Minniháttar frá-vik koma svo í ljós á 3. og 4. ársfjórðungi, og er þar um að ræða áhrif frá styttingu vinnuvikunnar og breytingar á vinnutíma einstakra starfshópa.

Hér gætu einnig komið fram árstíðabundnar sveiflur á vinnutímnum, ef um þær væri að ræða, en ekki eru tók á að segja til um slíkt, fyrr en það hefur verið kannað nokkur ár í röð. Hér ber einnig að gæta þess, að eftirvinnubann í sambandi við kjaradeilurnar á s.l. sumri, hefur nokkur áhrif. Einnig ber að hafa í huga við athugun á þessari töflu, að sumarleyfi falla að mestu leyti á 3. ársfjórðung. Ef litið er á hina þrjá aðalhöpa verkamanna, almenna verkamannavinnu, aðstoðarmenn við fagvinnu og stjórnendur véla og tækja, má ætla, að öll þessi atriði speglast í tölunum. Sé hinsvegar litið á samanvegið meðaltal fyrir alla verkamenn, er ekki um neinar verulegar sveiflur að ræða í þessu sambandi milli ársfjórðunga, né milli áranna 1964 og 1965.

c) Ársmeðaltöl.

Tafla VI sýnir ársmeðaltöl, bæði fyrir hlutfallslega skiptingu vinnutímans og meðaltímakaupið, sundurliðað eftir starfsgreinum og samanvegið, einnig samanburð við sömu ársmeðaltöl 1964.

Samkvæmt töflunni hefur meðaltímakaupið í stórum dráttum breytzt þannig:

	1964	1965
Almenn verkamannavinna úr	44,5 í	51,8 eða 16%
Aðst.menn við fagvinnu "	47,8 í	56,8 " 19%
Stjórnendur véla og tækja úr	47,2 í	53,3 " 13%
Vegið meðaltal "	45,8 í	53,1 eða 16%



Ekki má þó, að svo komnu máli, slá því föstu, að meðalárs-  
laun á mann hafi verið 16% hærrí árið 1965 en árið 1964, þar sem  
stytting vinnuvikunnar hefði áhrif til lækkunar á þessari hlut-  
fallstölu, þegar um er að ræða ársláunin, ef hún hefur orðið  
raunveruleg (effektiv), en auk þess má gera ráð fyrir því, að  
meðaltímakaupið sýni að jafnaði örlítið meiri hlutfallshækkun  
en meðalársláunin. Kemur þar ýmislegt til, sem of langt mál er  
að rekja að þessu sinni.

Breytingar á hlutfallslegri skiptingu vinnutímans eru  
nokkrar eftir starfsgreinum milli áráanna 1964 og 1965, þó að  
vegið meðaltal allra starfsgreinanna sé mjög svipað bæði árin.  
Þó ber að vekja athygli á því, að hækkun meðaltímakaupsins er  
minnst í fiskvinnu, og hefur verið vikið að því áður.

#### 4. Iðnaðarmenn.

##### a) Meðaltímakaup.

Töflur VII - IX veita sömu upplýsingar um nokkra hópa  
iðnaðarmanna og töflur IV - VI um verkamenn.

Hér ber að taka það fram, að trésmiðir þeir, sem upplýsingar  
fengust um, vinna allir á tímakaupi eins og 1964. Það athugist,  
að trésmiðir, sem vinna á tímakaupi, eru lífíll hluti stéttarinnar,  
og að í töflunum eru einungis borin saman sömu fyrirtæki bæði  
árin, 1964 og 1965. Að þessu sinni tókst að afla minniháttar sýnis-  
horna um ákvæðislaun (ekki vinnustundafjölda) trésmiða og múrara,  
og verður greint frá þeim, þegar fyrir liggja meðalárslaun á mann,  
þ. e. í næsta Fréttabréfi. Að öðru leyti koma hér fram hækkunir  
vegna ákvæðisvinnu, þar sem hún er framkvæmd, svo og allar hlið-  
stæðar breytingar við töflur IV-VI (verkamenn). Á árinu 1965  
sömdu fagfélögin seinna en verkamannafélögin, og kemur það einnig  
fram í töflunum.

Samkvæmt þessum niðurstöðum, hefur meðaltímakaup þessara  
iðnaðarmanna verið svo sem hér segir (vegið meðaltal):

Ársmeðaltal	1964	61,0	kr.
1. og 2. ársfj.	1965	64,1	"
3. ársfjórðungur	1965	70,5	"
4. ársfjórðungur	1965	75,8	"

Á 1. og 2. ársfjórðungi var meðaltímakaupið 5% hærra en  
ársmeðaltalið 1964, á 3. ársfjórðungi 16% hærra og á 4. árs-  
fjórðungi 24% hærra en ársmeðaltalið 1964.

Hér má vekja athygli á því, að hlutfallsleg breyting á vinnutímanum á 4. ársfjórðungi er meiri hjá þeim iðnaðarmönnum, sem hér er fjallað um, en hjá verkamönnum, og verður að taka tillit til þess, ef borin er saman prósent-hækkun á meðaltíma-kaupi verkamanna og iðnaðarmanna. Ber þá einnig að taka tillit til þess, að vinnuvikan styttist minna hjá iðnaðarmönnum en verkamönnum með kjarasamningunum s.l. sumar, þar sem vinnuvika iðnaðarmanna var yfirleitt 46 stundir (ársmeðaltal) hjá þeim faggreinum, sem hér er fjallað um.

Þessu til skýringar má t. d. taka 4. ársfjórðung og reikna út meðaltímakaupið í dagvinnu fyrir verkamenn og iðnaðarmenn. Fer slíkt yfirlit hér á eftir:

Almenn verkamannavinna	Vog	Meðaltímakaup í dagvinnu	
		1964	1965 4.ársfj.
Hafnarvinna	25	35,4	46,2
Fiskvinna	15	35,7	46,1
Byggingarvinna	10	46,2	57,6
Annað	50	38,0	51,4
Vegið meðaltal	100	37,8	50,0
<b>Iðnaðarmenn:</b>			
Trésmiðir	36	50,0	65,5
Járnsmiðir	27	52,8	70,5
Bifvélavirkjar	9	53,1	72,8
Skipasmiðir	2	49,2	66,7
Rafvirkjar	26	55,1	69,2
Vegið meðaltal	100	52,3	68,5

Kemur þá í ljós, að meðaltímakaup í dagvinnu á 4. ársfjórðungi er 32 % hærra í almennri verkamannavinnu en ársmeðaltalið 1964, en meðaltímakaup iðnaðarmanna á 4. ársfjórðungi 31 % hærra en ársmeðaltalið 1964. Meðaltímakaup verkamanna í dagvinnu er kr. 12,20 hærra á klst. í almennri verkamannavinnu á 4. ársfjórðungi 1965 en ársmeðaltalið 1964, en meðaltímakaup iðnaðarmanna kr. 16,20 hærra, miðað við sama tíma.

b) Vinnutími.

Tafla VIII sýnir hlutfallslega skiptingu vinnutíma iðnaðarmanna ársfjórðungslega 1965 og samanburð við ársmeðaltöl 1964. Hér er þó 1. og 2. ársfjórðungur 1965 dregnir saman í eitt eins og annarsstaðar.

Breytingar á hlutfallslegri skiptingu vinnutímans milli ársfjórðunga eru hér nokkrar, þó einkum á 4. ársfjórðungi, en sá samanburður við 1964 er þannig:

	Hlutfallsleg skipting vinnutíma			
	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
Ársmeðaltal 1964	79	13	8	100
4. ársfjórðungur 1965	83	12	5	100

c) Ársmeðaltöl.

Tafla IX sýnir ársmeðaltöl hlutfallslegrar skiptingar vinnutíma iðnaðarmanna og meðaltímakaup árið 1965, samanborið við tilsvarendi ársmeðaltöl 1964 (samsvarandi töflu VI fyrir verkamenn). Samkvæmt tölunni hefur ársmeðaltal tímakaupsins hækkað úr 61,0 kr. 1964 í 68,5 kr. 1965, eða um 11%. Samsvarandi hækkun hjá verkamönnum var 16%.

En eins og áður er getið gerðu iðnaðarmenn sína samninga síðar á árinu 1965 en verkamenn, og kemur það hér greinilega fram. Rafvirkjar eru hér eins og 1964 með hæst meðaltímakaup, en hlutfallsleg hækkun á því er minnst, eða 9%.

Hlutfallsleg skipting vinnutímans er nokkuð svipuð, þegar reiknuð eru ársmeðaltöl bæði árin, og er þetta þó dálítið mismunandi, þegar litið er á einstakar greinar. Vegin ársmeðaltöl eru þessi:

	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
1964	79	13	8	100
1965	79	15	6	100

Dagvinnan er hlutfallslega sú sama bæði árin, en næturvinnan er minni 1965 en 1964 og eftirvinna að sama skapi meiri 1965. Má því mænta einhverra minniháttar breytinga á ársvinnutímanum pr. mann, þegar unnt verður að gera hann upp.

### 5. Tímakaup í dagvinnu.

Tafla X sýnir meðaltímakaup verkamanna 1965 og útreiknað tímakaup í dagvinnu án orlofs. Hér er tímakaupið í dagvinnu reiknað út á sama hátt og gert var 1964 og skýrt er frá í Fréttabréfi 2.

Tafla XI sýnir sömu upplýsingar varðandi iðnaðarmenn og tafla X varðandi verkamenn. Hér blandast að sjálfsögðu bónusgreiðslur, ákvæðisvinnuhagnaður o. fl. inn í tímakaupið í dagvinnu eins og meðaltímakaupið, og ber að hafa það í huga við notkun þessara talna.

Vegið meðaltal tímakaups í dagvinnu fyrir alla verkamenn og iðnaðarmenn er, samkvæmt þessum upplýsingum, sem hér segir (ath. upplýsingarnar ná aðeins til Reykjavíkur):

	1964	1 9 6 5			Hækkun % frá '64
	Ár	1. og 2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	'65
Verkamenn	kr. 38,7	41,1	47,0	51,2	32
Iðnaðarmenn	" 52,3	55,9	62,0	68,5	31
Mismunur	% 35	36	32	34	

"Mismunur %" sýnir mismuninn á tímakaupi verkamanna og iðnaðarmanna, og hvernig hann hefur breytt á árinu 1965.

### 6. Áhrif kaupbreytinga 1965 á meðalárslaun 1966.

Eins og áður greinir liggja ekki fyrir endanlegar upplýsingar um meðalársvinnutíma og meðalárslaun 1965. En með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, má ætla, að breytingar á vinnutíma verði litlar og þó heldur til styttingar, það sem þær ná. Er ekki ósennilegt, að stytting vinnuvikunnar verði raunhæf, svo og næturvinna ákveðinna hópa (fiskvinna) hafi minnkað lítið eitt. Með hliðsjón af framangreindu má því e. t. v. ástla, hvernig meðalárslaunin muni breytast á árunum 1964-'66 með tilliti til þeirra kaupbreytinga, sem orðið hafa á þessu tímabili til 31. desember 1965. Aðrar kaupbreytingar, t. d. vísitöluhækkanir eftir árslok 1965, eru þá ekki teknar með.

	Vinnust.	Meðal- tímakaup kr.	Meðal- árslaun þús.kr.	Hækkun %
Verkamenn:				
1964	2908	45,8	133	-
1965	2860	53,1	152	14
1966	2800	59,7	167	25
Iðnaðarmenn:				
1964	2743	61,0	167	-
1965	2720	68,5	186	9
1966	2680	75,8	203	22

Hér er aðeins um ágizkun að ræða, en stór frávik ósennileg. Orlof er hér ekki meðtalið.

Þetta yfirlit sýnir, að séu forsendur þær, sem hér er gengið út frá um vinnutímann réttar, verða vegin meðalárslaun verkamanna á árinu 1966 um 10% hærri en meðalárslaunin 1965, vegna kaupbreytinga, vísitölubreytinga o. fl., sem urðu á árinu 1965. Á sama hátt verða vegin meðalárslaun iðnaðarmanna um 9% hærri árið 1966 en 1965 af sömu ástæðu, ef forsendur þær, sem gengið er út frá um vinnutíma, halda.

Vinnulaun og vinnustundir - 1. og 2. ársfjórðungur 1965.

	Dvst	Evst	Nvst	Samtals	Laun án orlofs	Meðal-tímakaup kr.
<u>Alm. verkamenn:</u>						
Hafnarvinna	386236	75617	103869	565722	26436479	46,7
Fiskvinna	69675	13318	25571	108564	5340425	49,2
Byggingarvinna	26211	5237	995	32443	1529122	47,1
Annað	65764	10543	9787	86094	4142534	48,1
	547886	104715	140222	792823	37448560	
<u>Aðst.m.v/fagv.:</u>						
Járnsmiði	58803	9949	2419	71171	3407925	47,9
Trésmiði	8515	1984	1285	11784	603892	51,3
Bifreiðaviðg.	5679	766	1117	7562	441043	58,3
	72997	12699	4821	90517	4452860	
<u>Stj.véla og tækja:</u>						
Bílstjórar	36233	7016	9905	53154	2577241	48,5
Krana-og ýtustj.	53026	10783	15038	78847	4037781	51,2
	89259	17799	24943	132001	6615022	
<u>Iðnaðarmenn:</u>						
Járnsmiðir	148740	26402	18189	193331	12245906	63,3
Skipasmiðir	24546	2991	3771	31308	1922826	61,4
Trésmiðir	19712	4584	720	25016	1510937	60,4
Rafvirkjar	21604	3911	3606	29121	2014464	69,2
Bifvélavirkjar	5111	810	614	6535	441902	67,6
<u>Verkakonur:</u>						
Fiskvinna	68797	23457	16205	108459	4951210	45,7
Alls	998652	197368	213091	1409111	71603687	

## Vinnulaun og vinnustundir - 3. ársfjórðungur 1965.

	Dvst	Evst	Nvst	Samt.	Laun án orlofs	Meðal-tímakaup
<u>Alm. verkamenn:</u>						
Hafnarvinna	221045	47751	36294	305090	16211953	53,1
Fiskvinna	36309	6429	6955	49693	2536521	51,0
Byggingarvinna	9188	1938	614	11740	656601	55,9
Annað	38229	7113	5496	50838	2753941	54,2
	304771	63231	49359	417361	22159016	
<u>Aðst.m. v/ fagvinnu:</u>						
Járnsmiði	23627	6882	2599	33108	1873021	56,6
Trésmiði	4190	908	396	5494	305616	55,6
Bifreiðaviðgerðir	2300	363	301	2964	186734	63,0
	30117	8153	3296	41566	2365371	
<u>Stjórn. véla og tækja:</u>						
Bílstjórar	15978	3581	3098	22657	1257406	55,5
Krana- og ýtustj.	24706	5828	6169	36703	2191942	59,7
	40684	9409	9267	59360	3449348	
<u>Iönaðarmenn:</u>						
Járnsmiðir	58763	10582	4814	74159	5332184	71,8
Skipasmiðir	9266	1285	1012	11563	748059	64,7
Trésmiðir	9254	2085	658	11997	779018	64,9
Rafvirkjar	8460	1828	701	10989	826813	75,3
Bifvélavirkjar	3165	558	349	4072	309057	75,9
<u>Verkakonur:</u>						
Fiskvinna	27282	11338	3446	42066	2051717	48,8
Alls	491762	108469	72902	673133	38020583	

## Vinnulaun og vinnustundir - 4. ársfj. 1965.

	Dvst	Evst	Nvst	Samt.	Laun án orlofs	Meðal-tímakaup
<u>Alm. verkamenn:</u>						
Hafnarvinna	224068	55064	37602	316734	17465912	55,1
Fiskvinna	30986	4531	4078	39595	2097790	53,0
Byggingarvinna	7447	1718	497	9662	631320	65,3
Annað	34664	6002	4947	45613	2726061	59,8
	297165	67315	47124	411604	22921083	
<u>Aðst.m. v/fagvinnu:</u>						
Járnsmiðar	26125	3026	1806	30957	1922864	62,1
Trésmiðar	3572	827	336	4735	290296	61,3
Bifreiðaviðg.	2736	469	366	3571	249637	69,9
	32433	4322	2508	39263	2462797	
<u>Stjórn.véla og tækja:</u>						
Bílstjórar	20112	4363	3676	28151	1642438	58,3
Krana og ýtustj.	29291	6926	6341	42558	2615930	61,5
	49403	11289	10017	70709	4258368	
<u>Iðnaðarmenn:</u>						
Járnsmiðir	67219	7798	6052	81069	6371741	78,6
Skipasmiðir	11093	1459	870	13422	996126	74,2
Trésmiðir	10418	2323	324	13065	950200	72,7
Rafvirkjar	9947	1536	488	11971	911587	76,1
Bifvélavirkjar	3555	563	97	4215	333653	79,1
<u>Verkakonur:</u>						
Fiskvinna	23559	10631	2347	36527	1900649	52,0
Alls	504792	107236	69827	681845	41106204	



Tafla IV

V e r k a m a n n a v i n n a

	Vog	Meðaltíma kaup 1965 kr.				Hækkun frá 1964 %			Arsmeðal- tal 1965
		Arið 1964	1.og 2. ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	1.og 2. ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
<b>a) Alm.verkamannavinna:</b>									
Hafnarvinna	25	43,6	46,7	53,1	55,1	7,1	21,7	26,3	16
Fiskvinna	15	46,2	49,2	51,0	53,0	6,4	10,3	14,7	9
Byggingarvinna	10	44,5	47,1	55,9	65,3	5,8	25,6	46,7	17
Annað	<u>50</u>	<u>44,5</u>	<u>48,1</u>	<u>54,2</u>	<u>59,8</u>	<u>8,0</u>	<u>21,7</u>	<u>34,3</u>	<u>18</u>
Vegið meðaltal	100	44,5	47,8	53,6	58,2	7,4	20,4	30,7	16
<b>b) Aðst.m.v/fagvinnu:</b>									
Járnsmiðar	35	48,6	47,9	56,6	62,1	1,5	16,4	27,7	10
Trésmiðar	30	44,2	51,3	55,6	61,3	16,0	25,7	38,6	23
Bifvéla viðg.	<u>35</u>	<u>50,1</u>	<u>58,3</u>	<u>63,0</u>	<u>69,9</u>	<u>16,0</u>	<u>25,7</u>	<u>39,5</u>	<u>24</u>
Vegið meðaltal	100	47,8	52,6	58,5	64,6	10,0	22,4	35,1	19
<b>c) Stjórn.véla x tækja:</b>									
Bílstjórar	80	46,4	48,5	55,5	58,3	4,5	19,6	25,6	14
Krana-og ýtustj.	<u>20</u>	<u>50,2</u>	<u>51,2</u>	<u>59,7</u>	<u>61,5</u>	<u>2,0</u>	<u>18,9</u>	<u>22,5</u>	<u>11</u>
	100	47,1	49,0	56,3	58,9	4,0	19,5	25,0	13
<b><u>Samanvegið a-c:</u></b>									
Alm. verkamenn	55	44,5	47,8	53,6	58,2	7,4	20,4	30,7	16
Aðst.m.v/fagv.	20	47,8	52,6	58,5	64,6	10,0	22,4	35,1	19
Stj.véla og tækja	<u>25</u>	<u>47,1</u>	<u>49,0</u>	<u>56,3</u>	<u>58,9</u>	<u>4,0</u>	<u>19,5</u>	<u>25,0</u>	<u>13</u>
	100	45,8	49,1	55,3	59,7	7,0	21,0	30,0	16

## Verkamannavinna 1965

Vog	Hlutfallsleg skipting vinnutímans (%)												
	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt	
	1	9	6	4	1.og	2.ársfj.	'65	3.ársfj.	'65	4.ársfj.	'65		
<b>a) Alm.verkam.vinna:</b>													
Hafnarvinna	25	68	18	14	68	14	18	72	16	12	71	17	12
Fiskvinna	15	64	13	23	64	12	24	73	13	14	78	11	11
Byggingarvinna	10	76	15	9	81	16	3	78	17	5	77	18	5
Annað	50	78	10	12	77	12	11	75	14	11	76	13	11
Vegið meðaltal	100	73	13	14	73	13	14	74	15	11	75	14	11
<b>b) Aðst.m.v/fagv.:</b>													
Járnsmiðar	35	80	14	6	83	14	3	71	21	8	84	10	6
Bifvélaviðg.	35	79	14	7	75	10	15	78	12	10	77	13	10
Trésmiðar	30	75	17	8	72	17	11	76	17	7	76	17	7
Vegið meðaltal	100	78	15	7	77	14	9	75	17	8	79	13	8
<b>c) Stjórn.véla og tækj.:</b>													
Bifreiðastj.	80	73	10	17	68	13	19	70	16	14	71	16	13
Krana-og ftustj.	20	70	15	15	67	14	19	67	16	17	69	16	15
Vegið meðaltal	100	72	11	17	68	13	19	69	16	15	71	16	13
<b>Samanvegið a-c:</b>													
Alm. verkamenn	55	73	13	14	73	13	14	74	15	11	75	14	11
Aðst.m.v/fagv.	20	78	15	7	77	14	9	75	17	8	79	13	8
Stj.véla x tækja	25	72	11	17	68	13	19	69	16	15	71	16	13
Vegið meðaltal	100	74	13	13	73	13	14	73	16	11	75	14	11

Tafla VI

## Verkamenn - Ársmeðaltöl

	Vog	Hlutfallsleg skipting vinnutímans allt árið 1964 og 1965						Meðal- tíma kaup		Hækkun % 1965 frá 1964
		1964			1965			1964	1965	
		Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt			
<b>a) Alm. verkamannavinna:</b>										
Hafnarvinna	25	68	18	14	70	15	15	43,6	50,6	16
Fiskvinna	15	64	13	23	69	12	19	46,2	50,4	9
Byggingarvinna	10	76	15	9	80	16	4	44,5	52,3	17
Annað	50	78	10	12	76	13	11	44,5	52,7	18
Vegið meðaltal	100	73	13	14	74	14	12	44,5	51,8	16
<b>b) Aðst.m. við fagv.:</b>										
Járnsmiði	35	80	14	6	80	15	5	48,6	53,3	10
Trésmiði	30	75	17	8	74	17	9	44,2	54,5	23
Bifvéla viðg.	35	79	14	7	76	11	13	50,1	62,2	24
Vegið meðaltal	100	78	15	7	77	14	9	47,8	56,8	19
<b>c) Stjórn. véla X tækja:</b>										
Bílstjórar	80	73	10	17	70	14	16	46,4	52,7	14
Krana- x ýtustj.	20	70	15	15	68	15	17	50,2	55,9	11
Vegið meðaltal	100	72	11	17	70	14	16	47,2	53,3	13
<b>Samantvegið a-c:</b>										
Alm. verkamenn	55	73	13	14	74	14	12	44,5	51,8	16
Aðst.m. v/fagv.	20	78	15	7	77	14	9	47,8	56,8	19
Stj.véla x tækja	25	72	11	17	70	14	16	47,2	53,3	13
Vegið meðaltal	100	74	13	13	74	14	12	45,8	53,1	16

- 16 -

Tafla VII  
Febrúar 1966

## I ð n a ð a r m e n n

Vog	Árið 1964	Meðaltíma kaup 1965 kr.				Hækkun frá 1964 %			Ars- meðaltal
		1. og 2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. og 2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.		
		Trésmiðir	36	57,4	60,4	64,9	72,7	5,2	
Járnsmiðir	27	60,6	63,3	71,8	78,6	4,4	18,4	29,7	11
Bifvéla virkjar	9	63,0	67,6	75,9	79,1	7,3	20,4	25,5	12
Skipasmiðir	2	57,5	61,4	64,7	74,2	6,7	12,5	29,0	11
Rafvirkjar	26	66,0	69,2	75,3	76,1	4,6	14,0	15,3	9
Vegið meðaltal	100	61,0	64,1	70,5	75,8	5	16	24	11

Tafla VIII

## I ðnaðarmenn

## Hlutfallsleg skipting vinnutímans

Vog	1964			1. og 2. ársfj. 1965			3. ársfj. 1965			4. ársfj. 1965			
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	
Trésmiðir	36	78	14	8	79	18	3	77	17	6	83	10	7
Járnsmiðir	27	76	13	11	77	14	9	79	14	7	83	11	6
Bifvélavirkjar	9	79	12	9	78	13	9	78	14	8	80	18	2
Skipasmiðir	2	77	10	13	78	10	12	80	11	9	83	13	4
Rafvirkjar	26	83	12	5	74	14	12	77	17	6	84	13	3
	100	79	13	8	77	15	8	78	15	7	83	12	5

Tafla IX

## Iðnaðarmenn - Ársmeðaltöl

Vog	Hlutfallsleg skipting vinnutímans allt árið 1964 og 1965							Meðal- tímakaup		Hækkun % 1965 frá 1964
	1964			1965			1964	1965		
	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt				
Trésmiðir	36	78	14	8	79	18	3	57,4	64,7	11
Járnsmiðir	27	76	13	11	79	13	8	60,6	68,7	11
Bifvélavirkjar	9	79	12	9	80	13	7	63,0	73,2	12
Skipasmiðir	2	77	10	13	80	10	10	57,5	65,1	11
Rafvirkjar	26	83	12	5	77	14	9	66,0	72,1	9
Vegið meðaltal	100	79	13	8	79	15	6	61,0	68,5	11

V e r k a m e n n

Tafla X

	Vog	Meðaltíma kaup				Tíma kaup í dagvinnu			
		1964	1.og 2.ársfj. 1965	3.ársfj. 1965	4.ársfj. 1965	1964	1.og 2.ársfj. 1965	3.ársfj. 1965	4.ársfj. 1965
		<b>Alm.verkamenn:</b>							
Hafnarverkamenn	25	43,6	46,7	53,1	55,1	35,4	37,9	44,8	46,2
Fiskvinna	15	46,2	49,2	51,0	53,0	35,7	38,6	42,9	46,1
Byggingarvinna	10	44,5	47,1	55,9	65,3	46,2	42,5	49,5	57,6
Annað	<u>50</u>	<u>44,5</u>	<u>48,1</u>	<u>54,2</u>	<u>59,8</u>	<u>38,0</u>	<u>41,4</u>	<u>46,4</u>	<u>51,4</u>
Vegið meðaltal	<u>100</u>	<u>44,5</u>	<u>47,8</u>	<u>53,6</u>	<u>58,2</u>	<u>37,8</u>	<u>40,2</u>	<u>45,8</u>	<u>50,0</u>
<b>Aðst.m.v/fagvinnu:</b>									
Járnsmiðar	35	48,6	47,9	56,6	62,1	43,1	43,5	48,2	56,4
Trésmiðar	30	44,2	51,3	55,6	61,3	38,1	43,3	48,5	53,3
Bifvéla viðgerðir	<u>35</u>	<u>50,1</u>	<u>58,3</u>	<u>63,0</u>	<u>69,9</u>	<u>43,9</u>	<u>49,3</u>	<u>54,7</u>	<u>60,4</u>
Vegið meðaltal	<u>100</u>	<u>47,8</u>	<u>52,6</u>	<u>58,5</u>	<u>64,6</u>	<u>41,7</u>	<u>45,5</u>	<u>50,5</u>	<u>56,9</u>
<b>Stjórn.véla og tækja:</b>									
Bílstjórar	80	46,4	48,5	55,5	58,3	37,7	39,3	46,2	48,8
Krana-og ýtustj.	<u>20</u>	<u>50,2</u>	<u>51,2</u>	<u>59,7</u>	<u>61,5</u>	<u>41,9</u>	<u>41,3</u>	<u>48,5</u>	<u>50,6</u>
Vegið meðaltal	<u>100</u>	<u>47,1</u>	<u>49,0</u>	<u>56,3</u>	<u>58,9</u>	<u>38,5</u>	<u>39,7</u>	<u>46,7</u>	<u>49,2</u>
<b>Samhvergið:</b>									
Alm.verkamenn	55	44,5	47,8	53,6	58,2	37,8	40,2	45,8	50,0
Aðst.m.v/fagvinnu	20	47,8	52,6	58,5	64,6	41,7	45,5	50,5	56,9
Stjórn.véla x tækja	<u>25</u>	<u>47,1</u>	<u>49,0</u>	<u>56,3</u>	<u>58,9</u>	<u>38,5</u>	<u>39,7</u>	<u>46,7</u>	<u>49,2</u>
	100	45,8	49,1	55,3	59,7	38,7	41,1	47,0	51,2

Tafla XI

I ð n a ð a r m e n n

	Vog	Meðaltíma kaup				Tíma kaup í dagvinnu			
		1964	1.og 2.ársfj. 1965	3.ársfj. 1965	4.ársfj. 1965	1964	1.og 2.ársfj. 1965	3.ársfj. 1965	4.ársfj. 1965
		<b>Trésmiðir</b>							
Trésmiðir	36	57,4	60,4	64,9	72,7	50,0	54,0	57,1	65,4
Járnsmiðir	27	60,6	63,3	71,8	78,6	52,8	54,9	63,6	70,5
Bifvéla virkjar	9	63,0	67,6	75,9	79,1	53,1	58,9	66,3	72,8
Skipasmiðir	2	57,5	61,4	64,7	74,2	49,4	53,1	57,0	66,7
Rafvirkjar	<u>26</u>	<u>66,0</u>	<u>69,2</u>	<u>75,3</u>	<u>76,1</u>	<u>55,1</u>	<u>58,7</u>	<u>66,0</u>	<u>69,2</u>
Vegið meðaltal	100	61,0	64,1	70,5	75,8	52,3	55,9	62,0	68,5

3. Vinnutími og framleiðsla í  
landbúnaði.

----

Fimmtudaginn 2. desember mættu á fundi hjá Kjararannsóknarnefnd þeir prófessor Ólafur Björnsson og Gunnar Guðbjartsson, en þeir áttu þá sæti í nefnd, sem vann að undirbúningi nýrrar löggjafar um verðlagningu landbúnaðarafurða. Prófessor Ólafur var formaður nefndarinnar, en Gunnar fulltrúi Stéttasambands bænda. Þeir skýrðu frá því, að fram hefði komið sú skoðun á fundum landbúnaðarnefndar, að æskilegt væri að kannað yrði, hversu langur vinnutími liggi að baki hverri framleiddri afurðareiningu.

Erindi þeirra á fund Kjararannsóknarnefndar var að fara þess á leit, að hún framkvæmdi slíka athugun. Kjararannsóknarnefnd kvaðst hafa mikinn áhuga á málinu, þar sem hér væri um þýðingarmikið mál að ræða, og lýsti sig reiðubúna til að láta þessa rannsókn fara fram, enda þótt hún félli ekki inn í eiginlegt starfssvið Kjararannsóknarnefndar. Það varð því að samkomulagi að fela undirrituðum starfsmanni Kjararannsóknarnefndar framkvæmd rannsóknarinnar, enda fengi hann aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem til eru um þessi efni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því, hvernig rannsóknin var framkvæmd og hverjar niðurstöður hennar voru, auk almennra hugleiðinga um þessi mál.

Við athugun kom í ljós, að Búreikningaskrifstofa ríkisins er eina stofnunin, sem safnað hefur upplýsingum um vinnutíma bænda. Hún hefur látið nokkra bændur færa allitarlega búreikninga- og vinnuskýrslur síðan 1934.

Fjöldi þeirra er nokkuð breytilegur frá ári til árs, svo og samsetning, þannig að ekki er hægt að segja, að hér sé um vísindalega valið úrtak að ræða. Hópurinn þarf því ekki að sýna réttar meðaltölur bændaséttarinnar í heild, eða hreyfingu þeirra ár frá ári. Engu að síður verður hér næstum eingöngu byggt á þessum reikningum og þannig, að þeir verða allir notaðir, en ekki reynt að velja úr þeim samstæðari hóp.

Hafa verður því í huga, að allar niðurstöðutölur og útreikningar, sem hér birtast, eru byggðar á þessum búreikningum og geta ekki verið réttari en þeir. Það er ómögulegt að segja neitt um, hversu áreiðanlegir þeir eru sem heimildir, en til þess að glöggva sig betur á samsetningu þeirra, skal bent á eftirfarandi.

Fjöldi fullgerðra búreikninga frá upphafi er sem hér segir:

1934	21	1942	28	1950	20	1958	21
1935	22	1943	19	1951	20	1959	21
1936	39	1944	22	1952	17	1960	24
1937	38	1945	16	1953	18	1961	24
1938	40	1946	35	1954	23	1962	21
1939	38	1947	21	1955	26	1963 <sup>x</sup>	(20)
1940	41	1948	17	1956	21	1964	
1941	30	1949	21	1957	21	1965	

Þessir reikningar innihalda að mestu leyti sömu búin, sem sézt á því, að alls eru þetta aðeins 150 bú, sem langflest hafa skilað reikningum sjaldnar en þrisvar. Hér verða aðeins þeir búreikningar notaðir, sem ná yfir árin 1950-1962.

Tafla 1 sýnir, hvernig búreikningarnir dreifast eftir sýslum, og tafla 2 sýnir raunverulega og hlutfallslega dreifingu þeirra eftir landsfjórðungum.

Raunverulegur fjöldi bænda í hverri sýslu og hlutfallsleg skipting þeirra er sýnd á töflu 3. Þær tölur eru frá árinu 1961 og samkvæmt talningu, sem Búnaðarfélagið framkvæmdi. Bóndi er hér skýrgreindur sem sá maður, sem hefur meira en helming tekna sinna af búrekstri. Tekjur vegna hlunninda, svo sem af laxveiði eða dúntekju, eru ekki taldar stafa af búrekstri. Þessi skýrgreining veldur því, að bændur verða nokkuð fáir í sumum sveitum.

x Reikningar ársins 1963 eru ekki fullfrágengnir og því ónothæfir.

Dreifing búreikninga eftir sýslum  
árin 1950 - 1962.

Tafla 1  
Febrúar 1966

	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958	1959	1960	1961	1962	Alls
V.Skaftafellssýsla											1	1	2	4
Rangárvallasýsla	1	1	1	1	1			2	2	2	2	2		15
Arnessýsla	8	7	6	5	4	4	4	3	2	3	3	3	2	54
Gullbringu- og Kjósars.													1	1
Borgarfjarðarsýsla	3	3	3	3	3	3	3	2	3	2	3	2	3	36
Mýrasýsla					1									1
Snæf.nes- og Hnappad.s.										2	1	1	1	5
Dalasyýsla	2	1	1		1	1	1	1	1	1	1	2	1	14
Barðastrandarsýsla	1	1		1	2	2	1	1	1	1	1			12
V.Isafjarðarsýsla													1	1
N.Isafjarðarsýsla													1	1
Strandasýsla				2	3	2	2	2	2	2	2	2	2	21
V.Húnavatnssýsla														
A.Húnavatnssýsla				1	1	1	1	1	1	1	1	2	1	11
Skagafjarðarsýsla														
Eyjafjarðarsýsla	3	4	2	2	1		1	1	1	1	1	1		18
S.Pingeyjarsýsla											1	2	2	5
N.Pingeyjarsýsla	2	3	3	2	2	3	3	3	3	2	2	2	2	32
N.Múlasýsla			1	1	1	4	3	3	3	2	2	1	1	22
S.Múlasýsla					1	1	1	1	1	1	1	1	1	9
A.Skaftafellssýsla					2	4	1	1	1	1	1	1		12
Samtals	20	20	17	18	23	25	21	21	21	21	24	22	21	274



Dreifing búreikninga eftir lands-  
fjórðungum árin 1950 - 1962.

Tafla 2  
Febrúar 1966

	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958	1959	1960	1961	1962
Suðurland	14	12	11	9	10	8	8	8	8	10	12	10	10
Vestfirðir	1	1		3	5	4	3	3	3	3	3	2	4
Norðurland	5	7	5	5	4	4	5	5	5	4	5	7	5
Austurland			1	1	4	9	5	5	5	4	4	3	2
	20	20	17	18	23	25	21	21	21	21	24	22	21

Hlutfallsleg skipting.

Suðurland	70	60	65	50	44	32	38	38	38	48	50	45	48
Vestfirðir	5	5	0	17	22	16	14	14	14	14	12	9	19
Norðurland	25	35	29	28	17	16	24	24	24	19	21	32	24
Austurland	0	0	6	5	17	36	24	24	24	19	17	14	9
	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Tafla 3  
Febrúar 1966

Fjöldi bænda á landinu árið 1961,  
samkvæmt talningu Búnaðarfélagssins.

	Fjöldi	Hlutfallsleg skipting
V.Skaftafellssýsla	160	3,8
Rangárvallasýsla	445	10,5
Arnessýsla	445	10,5
Gullbringu- og Kjósars.	131	3,1
Borgarfjarðarsýsla	198	4,7
Mýrasýsla	160	3,7
Snæfellsn.-og Hnappadalss.	172	4,0
Dalásýsla	111	2,6
	1822	42,9
Barðastrandarsýsla	124	2,9
Ísafjarðarsýslur	129	3,0
Strandasýsla	99	2,3
	352	8,2
V.Húnavatnssýsla	191	4,5
A.Húnavatnssýsla	206	4,8
Skagafjarðarsýsla	346	8,1
Eyjafjarðarsýsla	302	7,1
S.Þingeyjarsýsla	328	7,7
N.Þingeyjarsýsla	141	3,3
	1514	35,5
N.Múlasýsla	254	6,0
S.Múlasýsla	209	4,9
A.Skaftafellssýsla	105	2,5
	568	13,4
Alls	4256	100,0

Hlutfallsleg skipting búreikninga og bænda eftir landsfjórðungum var þannig árið 1961:

	Búreikn.	Bændur
Suðurland	45	43
Vestfirðir	9	8
Norðurland	32	36
Austurland	14	13
	<u>100</u>	<u>100</u>

Úrtakið virðist samkvæmt þessu vera gott, en það verður þó að hafa í huga, að skiptingin er óhagstæðari fyrri hluta tímabilsins.

Greinilega kemur í ljós, að meðalbúið í úrtakinu er allt öðruvísi samsett en meðalbúið á öllu landinu, þegar lítið er á þá gífurlegu aukningu, sem átt hefur sér stað á sauðfjárframleiðslunni (240%) og kyrrstöðuna á mjólkurframleiðslunni hjá meðalbúi úrtaksins á tímabilinu 1950-1962. Á þessu tímabili jókst raunveruleg sauðfjáreign landsmanna um 100%, og fjöldi mjólkurkúa jókst um 30%.

Auk þessara búreikninga safnaði Búreikningaskrifstofan í samráði við Hagstofu Íslands hátt á annað hundrað minni búreikningum árið 1964. Úrtakið var þannig valið, að tíundi hver bóndi var dreginn út af handahófi og honum send búreikningsform, sem hann var beðinn að færa. Ef bændur eru áætlaðir 4200 talsins árið 1964, þá hafa 420 verið dregnir út. Alls skiluðu 174 bændur fullgerðum reikningum eða 42%.

Vinnutími daglaunamanna er vel afmarkað hugtak. Það táknar þann tíma, sem viðkomandi maður er að vinna fyrir því kaupí, sem hann fær greitt af atvinnurekanda sínum. Vinnutími í sveit er aftur á móti hugtak, sem miklu erfiðara er að afmarka, vegna þess að eigendur jarðarinnar er hvorttveggja í senn atvinnurekendur og launþegar. Eigi að gera vinnutíma bænda upp á sambærilegan hátt við vinnutíma daglaunamanna, þarf að aðgreina alla vinnu, sem unnin er í þágu heimilisins, eða sem tómstundavinna, frá þeim störfum, sem unnin eru í þágu búsis og skapa framleiðslu þess og tekjur. Alveg eins og hestamennska bæjarbúa og vinna við eigin íbúð

er ekki látin hafa áhrif á tölur um lengd vinnutíma þeirra, þá ætti vinna bóndans vegna reiðhrossa og við eigin íbúð ekki að teljast með, ef gera á tölurnar sambærilegar.

Vinnulistar þeir, sem hér er unnið úr, gerðu ekki greinarmun á því, hvort unnið var við byggingar tilheyrandi búinu eða íbúðarhús. Auk þess er ómögulegt að vita, hvenær hver einstakur bóndi telur sig vera að vinna að framleiðslustörfum í þágu búans og hvenær í eigin þágu.

T. d. má benda á, að hirðing reiðhrossa er alltaf færð sem vinna í þágu búans. Enda þótt bóndi vinni mikið, er ekki víst, að alltaf sé um arðsöm framleiðslustörf að ræða, sem hann myndi vilja kaupa daglaunamann til að vinna fyrir sig, þó hann fengist á lágu kaupi.

Samanburður á vinnutíma í sveit og í bæ er því mjög varhugaverður, vegna þess, eins og áður segir, að í sveitinni er ekki einungis um atvinnu vegna búreksturs að ræða, heldur einnig vinnu vegna heimilis, sem ekki er hægt að aðgreina. Það er ekki hægt að skýrgreina, hvað er vinna á sama hátt í sveit og í bæ.

Búreikningarnir, sem byrjað var að færa árið 1934, sundurliða vinnuna mjög ítarlega, þó með þeim vanköntum, sem áður var lýst á aðgreiningu vinnu vegna bú og heimilis. Hér á eftir verður sá vinnutími ekki talinn með, sem flokkaður er í búreikningunum undir vinnu vegna heimilis. Afgangurinn, sem er að mestu leyti vinna við búíð, er sundurliðaður á tvennan hátt. Í fyrsta lagi eftir því, hvort það er karl, kona eða liðléttingur, sem vinnur. Þessi sundurliðun er kölluð sundurliðun á vinnutíma eftir tegund vinnuafis. Í öðru lagi er vinnan sundurliðuð eftir því, hvaða störf eru unnin, og nefnist sundurliðun á vinnutíma eftir tegund starfa, og sýnir hversu marga tíma unnið er við sauðfé, nautgripi, garðrækt, tún, engi o. fl.

Framleiðsla einstakra afurða er færð á ýmsan hátt í reikningunum. Þar eru tölur um bæði afurðasölu og birgðabreytingar, en ekki alltaf í kílógrömmum, sem veldur talsverðum óþægindum. Tölur um einkaneyzlu er engar að finna, en Búreikningaskrifstofan áætlaði hana, svo að segja má, að allar framleiðslutölur hér innihaldi afurðasölu, birgðabreytingar og einkaneyzlu bú. Í reikningunum er framleiðsla á jarðargróðri og mjólk færð í kílógrömmum, en framleiðsla á

Kjötvörur í krónum.

Gagnasöfnun fór þannig fram, að Búreikningaskrifstofan útfyllti sérstök eyðublað, sem útbúin höfðu verið í þeim tilgangi. Upplýsingar um búreikningana á árunum 1950-1962 voru færðar á eyðublað I., sem leit þannig út:

E Y D U B L A ð I.

ARTAL ....

Nafnnúmer bónda. Sýsla .....

<u>Vinnutími í klst.</u>		<u>Framleiðsla</u>
<u>Karlar</u>	<u>Konur</u>	<u>Liðléttingar</u>
1. Sauðfé		Krónur (Kjötafurð.)
2. Nautgripir		Krónur (Kjötafurð.)
		Kíló (Mjólk)
3. Garðrækt		Kíló (Garðáv.)
4. Tún		Kíló (Taða)
5. Engi		Kíló (Úthey)
6. Annað		

Hér er um tvo tekjuliði að ræða, sem þarf að breyta í magneiningar, til þess að hægt sé að bera saman mörg ár í röð. Auk þess eru afurðir naugripa tvennskonar, bæði mjólk og kjöt. Þær þarf að leggja saman í eina framleiðslutölu, vegna þess að vinnutíminn er ekki sundurliðaður eftir því, hvora tegund er verið að framleiða.

Þetta er gert þannig, að tekjum af sauðfé er breytt í framleidd kíló af sauðfé á fæti (lifandi sauðfé) með því að deila í krónutöluna með meðalafurðaverði hvers árs á einu kíló lifandi sauðfjár. Tekjum af framleiddum nautgripum er breytt í kíló mjólkur með því að deila í krónutöluna með meðalafurðaverði ársins á mjólk. Umræddar deilitölur eru fengnar hjá Búreikningaskrifstofu ríkisins og eru birtar á töflu 4.

Vitanlega má finna marga galla á þessari reikningsaðferð, og það er auðvelt að sýna fram á með rökum, að útreikningur þessara deilitalna getur aldrei fyllilega náð tilgangi sínum. En þetta er þó eina framkvæmanlega aðferðin til að leysa dæmið, og sennilega nógu nákvæm.

Búreikningaskrifstofan lét einnig í té upplýsingar úr búreikningum þeim, sem hún gerði í samráði við Hagstofuna árið 1964 með því að útfylla eyðublað II.

E Y Ð U B L A Ð II. AR 1964

Nafnnúmer bónda. Sýsla .....

Vinnutími klst.

Bóndi

Húsfreyja

Karlar

Konur

Liðléttingar \_\_\_\_\_

Samtals

Það er talsvert vandamál, hvernig meta ber verðgildi vinnutíma kvenna og liðléttinga í hlutfalli við vinnu karla. Hér er þannig farið að, að vinnutími kvenna er margfaldaður með 0,8, en vinnutími liðléttinga með 0,5. Utkoman er síðan kölluð vinnutími kvenna og liðléttinga, mældur í karlmannsstundum. Um réttmæti þessarar reikningsaðferðar má deila, en hér er fylgt fordæmi Búreikningaskrifstofu ríkisins og slíkra stofnana á öðrum Norðurlöndum.

Skipting heildarvinnutímans á hverju búi, eftir að búið er að umreikna klukkutímama yfir í karlmannsstundir, er sýndur á töflu 5, bæði raunveruleg skipting og hlutfallsleg skipting hans. Heildarvinnutíma hvers bús, í karlmannsstundum, er síðan skipt eftir tegund starfa. Sú skipting er sýnd á töflu 6. Í sjötta dálki þeirrar töflu, sem hefur yfirskriftina annað, er að finna vinnutíma, sem í búreikningunum var flokkaður undir vinnu við jörð, byggingar, verkfæri, vélar og hesta. Hlutfallsleg skipting karlmannsstunda eftir tegund starfa er sýnd á töflu 7.

Meðalframleiðsla pr. bú er sýnd í kílóum á töflu 8. Þar eru sýndar 5 helztu afurðategundir búanna. Þar af eru tvær tegundir, þ. e. garðávextir og úthey, framleiddar í svo smáum stíl, að þær skipta sáralitlu máli í heildarframleiðslunni. Það er því mest mjólkur- og sauðfjárframleiðslan,

sem byggja upp tekjur meðalbúsins, en taðan er mikilvægasti framleiðsluþátturinn auk vinnunnar.

Framleiðsluafköst meðalbúsins eru sýnd á töflu 9. Þar kemur stöðnunin á afköstum við garðrækt og útheysverkun hjá meðalbúinu greinilega fram. Afkastaaukning er greinileg við framleiðslu á töðu, mjólk og sauðfé.

Þegar litið á tölur um framleiðslu á sauðfé, ber að hafa í huga, að í upphafi tímabilsins var búið að skera verulegan hluta sauðfjárstofnsins niður, vegna mæðiveiki, og að árin 1950 og 1951 fór enn talsverður niðurskurður fram sunnanlands. Þetta þýðir, að sauðfjárfjöldinn á meðalbúinu var orðinn svo lítil, að framleiðsluafköstin hlutu að dragast verulega saman. Líklegt er, að afköstin séu óeðlilega mikil á árunum 1950 og 1951, vegna niðurskurðarins þá, sem stafað getur af því, að slíkar birgðabreytingar eru ekki rétt metnar, eða að meðalverðið er rangt reiknað út þau árin, miðað við samsetningu úrtaksins.

Niðurstöður búreininga þeirra, sem færðir voru árið 1964 og útbúnir í samráði við Hagstofuna, sjást á töflu 10. Fjöldi reikninga eða býla er talinn 174. Dálkur 1 sýnir heildarvinnutíma á öllum búunum samanlagt, og dálkur 2 sýnir sama vinnutíma, þegar búið er að breyta honum yfir í karlmannsstundir. Dálkur 3 sýnir meðalfjölda unninna karlmannsst. pr. bú.

Tafla 10 sýnir, að heildarvinnutíminn pr. bú, samkvæmt reikningunum 1964, er 5214 karlmannsstundir, en stefnulínan á mynd I gefur til kynna, að búast hefði mátt við 5450 karlmannsstundum það ár. Hér er því aðeins um 4,5 % mismun að ræða hjá þessum tveimur reikningsformum.

Til frekari glöggvunar eru hér nokkrar myndir, sem sýna hreyfingu vinnutímans og framleiðsluafkasta pr. bú. Beinu línurnar, sem ganga í gegnum kúrfurnar, eiga að sýna stefnu hreyfingarinnar, en þær eru ekki reiknaðar út, heldur dregnar af handahófi. Svo virðist samkvæmt mynd I, að heildarvinnutíminn pr. bú minnki um 11,5 karlmannsstundir á ári að meðaltali. Mest hefur vinnan minnkað við nautgripi og ýmis störf, svo sem jörð og byggingar. Vinna við sauðfé hefur aukizt verulega, en vinna á túni hefur haldizt nokkuð stöðug (mynd II, tafla 6).

Afköst við töðuframleiðslu (mynd III, tafla 9) hafa aukizt verulega, og stefnulínan gefur til kynna, að ekki sé fjarri lagi að áætla árlega aukningu um 2,3 kg. á karlmannsst. að meðaltali. Árleg aukning mjólkur- og sauðfjárframleiðslunnar/um 0,2 kg. á karlmannsstund (mynd IV, tafla 9). Tölur áráanna 1950 og 1951 eru ekki látnar hafa áhrif á meðal- aukningu sauðfjárframleiðslunnar, vegna niðurskurðarins á þessum árum, sem líklegt er að hafi haft áhrif á útreikningana.

Ef stefnulínan, sem gengur í gegnum kúrfurnar, er fram- lengd til ársins 1966, gefur hún til kynna, að framleiðslu- afköstin og fjöldi karlmannsstunda, sem notaðar eru við fram- leiðslu á einu kg. afurðar sé sem hér segir:

	Kg. pr. karlmannsst.	Karlmannsst. pr. kg.
	1	2
Taða	74,4	0,0134
Mjólk	12,3	0,0813
Sauðfé á fæti	5,2	0,1923

Þessar tölur ber vitanlega ekki að taka alvarlegar en tilefni er til. Þær hvíla á of mörgum og of veikum forsendum, til þess að hægt sé að fullyrða nokkuð um sannleiksgildi þeirra. Auk þess verður að muna, að það sem hér er kallað vinnutími, fellur ekki undir neina þá skýrgreiningu á vinnutíma, sem allir geta sætt sig við, og að hér er það í flestum tilfellum sami maðurinn, sem vinnur, og sem skráir vinnutímann.

Febrúar 1966

Þorvarður Eliasson.



Tafla 4  
Febrúar 1966

Verð sauðfjár á fæti og mjólkur  
pr. kg. árin 1950-1962.

	Sauðfé á fæti kr/kg	Mjólk kr/kg		Sauðfé á fæti kr/kg	Mjólk kr/kg
1950	5,50	2,47	1957	9,52	3,43
1951	5,50	2,47	1958	9,82	3,50
1952	6,90	2,74	1959	10,00	3,96
1953	6,90	2,74	1960	10,00	4,00
1954	6,90	2,74	1961	10,00	4,15
1955	7,50	2,75	1962	11,50	4,71
1956	8,60	3,15			

Tafla 10  
Febrúar 1966

Niðurstöður 174 búreikninga  
árið 1964.

	Vinnutími í klst. 1	Vinnutími í karlm.st. 2	Karlmannsst. pr. bú 3
Bændur	570749	570749	3280
Húsfreyjur	121484	97187	559
Karlar	94186	94186	541
Konur	36288	29030	167
Líðléttingar	232279	116140	667
	1054986	907292	5214

Vinnutími pr. bú árin 1950-1962,  
sundurliðað eftir tegund vinnuafls.

Tafla 5  
Febrúar 1966

	Karlmannsstundir pr. bú				Hlutfallsleg skipting			
	Karlar 1	Konur 2	Liðlétt. 3	Samtals 4	Karlar 5	Konur 6	Liðlétt. 7	Samtals 8
1950	5245	863	514	6622	79	13	8	100
1951	5304	935	621	6860	77	14	9	100
1952	5644	852	862	7358	77	11	12	100
1953	5252	773	876	6901	76	11	13	100
1954	4532	724	829	6085	74	12	14	100
1955	4497	606	678	5781	78	10	12	100
1956	5189	655	737	6581	79	10	11	100
1957	5099	792	554	6445	79	12	9	100
1958	5172	738	553	6463	80	11	9	100
1959	4871	697	509	6077	80	12	8	100
1960	4492	645	558	5695	79	11	10	100
1961	4572	710	571	5853	78	12	10	100
1962	4453	729	498	5680	78	13	9	100

Vinnutími í karlmannsstundum pr. bú  
árin 1950-1962, sundurliðað eftir tegund starfa.

Tafla 6  
Febrúar 1966

	Sauðfé 1	Nautgr. 2	Garðrækt 3	Tún 4	Engi 5	Samtals 6	Annað 7	Alls 8
1950	547	2860	331	1070	576	5384	1238	6622
1951	667	2961	379	923	702	5632	1228	6860
1952	838	2880	335	884	718	5655	1704	7359
1953	885	2658	339	1120	495	5497	1404	6901
1954	1087	2210	211	1139	331	4978	1107	6085
1955	1388	1966	216	1131	197	4898	883	5781
1956	1450	2291	227	1113	233	5314	1267	6581
1957	1620	2165	211	1217	129	5342	1103	6445
1958	1683	2028	247	1154	188	5300	1163	6463
1959	1430	1996	206	1232	69	4933	1144	6077
1960	1340	2023	252	1051	88	4754	941	5695
1961	1514	2209	91	1066	64	4944	909	5853
1962	1585	2001	123	963	127	4799	881	5680

- 36 -

Hlutfallsleg skipting karlmannsstunda pr. bú  
árin 1950-1962, sundurliðað eftir tegund starfa.

Tafla 7  
Febrúar 1966

	Sauðfé 1	Nautgr. 2	Garðrækt 3	Tún 4	Engi 5	Samtals 6	Annað 7	Alls 8
1950	8	43	5	16	9	81	19	100
1951	10	43	6	13	10	82	18	100
1952	11	39	5	12	10	77	23	100
1953	13	39	5	16	7	80	20	100
1954	18	36	3	19	6	82	18	100
1955	24	34	4	20	3	85	15	100
1956	22	35	3	17	4	81	19	100
1957	25	34	3	19	2	83	17	100
1958	26	31	4	18	3	82	18	100
1959	24	33	3	20	1	81	19	100
1960	24	36	4	18	1	83	17	100
1961	26	38	2	18	1	85	15	100
1962	28	35	2	17	2	84	16	100

- 37 -

Tafla 8  
Febrúar 1966


Afurðir í kílógrömmum pr. bú  
árin 1950-1962.

	Sauðfé á fæti	Mjólk	Garð- ávextir	Taða	Útney
	1	2	3	4	5
1950	2208	26893	3390	39955	20260
1951	2972	29371	3345	39625	27370
1952	2187	30374	3006	39135	26782
1953	2383	29234	4936	53750	18244
1954	3317	24660	1952	54039	12791
1955	4608	18853	3008	48424	6972
1956	4719	22303	2314	51090	10509
1957	5377	23003	3209	68604	6233
1958	6112	22419	4095	61847	6680
1959	5878	20935	3033	68600	3367
1960	6429	25179	5212	69262	3112
1961	7703	26683	972	71786	2500
1962	7547	22599	1181	60748	4224

Tafla 9  
Febrúar 1966

Framleiðsluafköst í kg. pr. karlmannsst.  
árin 1950-1962.

	Sauðfé á fæti	Mjólk	Garð- ávextir	Taða	Útney
	1	2	3	4	5
1950	4,0	9,4	10,2	37,3	35,2
1951	4,5	9,9	8,8	42,9	39,0
1952	2,6	10,5	9,0	44,3	53,5
1953	2,7	11,0	14,6	48,0	36,8
1954	3,1	11,2	9,2	47,5	38,6
1955	3,3	9,6	13,9	42,8	35,3
1956	3,3	9,7	10,2	45,9	45,2
1957	3,3	10,6	15,2	56,4	48,3
1958	3,6	11,1	16,6	53,6	35,6
1959	4,1	10,5	14,8	55,7	48,8
1960	4,8	12,4	6,7	65,9	35,3
1961	3,5	12,1	10,7	67,4	39,0
1962	4,8	11,3	9,6	61,3	33,2



4. Framfærsluvísitala, kaupgreiðsluvísitala og vísitala neyzluvöru og þjónustu.

Hér far á eftir ársmeðaltöl framfærsluvísitölnunnar, sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir mánaðarlega, en einnig er hún sýnd fyrir þrjú tímabil árið 1965.

	<u>Framfærsluvísitala</u>
1959	100
1960	103
1961	108
1962	119
1963	135
1964	161
1965	<u>172</u>
1965 - 1. og 2. ársfj.	169
3. "	173
4. "	179

Kaupgreiðsluvísitalan 1965

Þá reiknar Hagstofa Íslands einnig út kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt ákvæðum "júnísamkomulagsins 1964", og fer hún hér á eftir, ásamt því álagi, sem bætist á grunnkaup við hverja vísitölubreytingu, fyrsta dag marz, júní, september og desember.

Ár	Tímabil	Vísitala	Álag %
1965	jan.-febrúar	163	-
"	marz-maí	168	3,05
"	júní-ágúst	169	3,66
"	sept.-nóv.	171	4,88
"	des.-febr. '66	<u>175</u>	<u>7,32</u>
"	ársmeðaltöl	168,75	3,51

Visitatala neyzluvöru og þjónustu.

Þar sem mjög oft er rætt um vísitölu neyzluvöru og þjónustu í umræðum um kaupgjald, þykir rétt að birta hér sérstaklega þann hluta af framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands, þ. e. ársmeðaltöl.

<u>Ár</u>	<u>Visitatala</u>
1959	100
1960	109
1961	121
1962	136
1963	153
1964	183
1965	<u>197</u>
1965-1. og 2. ársfj.	192
" 3. "	196
" 4. "	207